

Fundur 20. ágúst 2024

Mættir: Sigurveig, María, Anna, Rósa og Elísa.

Mál á dagskrá:

Áframhaldandi stjórnarseta – allir verða áfram frá því í fyrra nema tvær konur sem voru með börn í 10.bekk á síðasta skólaári, óska eftir fleirum í stjórn á aðalfundi. Fulltrúar eru frá 1., 4., 5., 6., 7., 8., og 10.bekk, vantar fulltrúa frá 2.,3., og 9. bekk. Gjaldkerastaða stjórnar er laus en fráfarandi gjaldkeri mun aðstoða viðtakandi að komast inn í starfið.

Samtaka – Elísa og Anna skoða að sitja fundi.

Skólaráð – Rósa og María gefa kost á áframhaldandi setu í skólaráði.

Aðalfundur – finna áhugaverða fyrirlesara, hugmynd um að fá lögregluna – María kannar. Aðalfundur haldinn miðvikudaginn 18. september kl. 20:00 ef salur er laus. Senda fundarboð á Kristjönu þegar fyrirlesari er tilbúinn og búið að gera auglýsingu.

Anna – fékk póst frá Bryndísi varðandi peninga sem voru eyrnamerkt 10.bekk í vor, búið að samþykkja beiðni frá kennurum, Anna kaupir og kemur í skólann.

Sigurveig - hafa samband við Bryndísi varðandi breytt lög foreldrafélags og minna á að fá kennara til að óska eftir bekkjarfulltrúum. Ath stöðu Hreystibrautarmála og ath með sal 18.sept fyrir aðalfund og hvort stjórnendur komi ekki á aðalfund til að kynna starfið. Óska eftir að nýji deildarstjórinn verði fulltrúi skólans á fundum hjá foreldrafélagi, þ.e. tengiliður milli foreldra og skóla.

Næsti fundur 29. ágúst kl.20:00

Fundi slitið kl.21:10